

Ósk um ráðgjöf og aðstoð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Skóli Menntaskólinn í Kópavogi	Símanúmer 594-4000	
<input type="checkbox"/> Kennari x Skólameistari	Netfang margret.fridriksdottir@mk.is	Dagsetning 17.09.2015
Efni erindis Spurningin er hvort LÍF203, EFN203 OG EDL203 flokkast á neðra eða efra þrep í vinnumati. Hér er slóð á áfangalýsingar og kennsluáætlanir fylgja með í viðhengi http://mk.is/index.php/boknam/studentsbrautir/studentsbrautir-til-2015/naturufraedhibraut/lifraedhilina?id=286 http://mk.is/index.php/boknam/studentsbrautir/studentsbrautir-til-2015/naturufraedhibraut/lifraedhilina?id=163 http://mk.is/index.php/boknam/studentsbrautir/studentsbrautir-til-2015/naturufraedhibraut/lifraedhilina?id=156		

Afgreiðsla

Vinnumatsnefnd Raungreinar og stærðfræði	Hver veitti ráðgjöf Tekið fyrir á fundi nefndar	Málsnúmer 20153
Niðurstaða vinnumatsnefndar: Nefndin bendir á að það er hlutverk skóla að raða áföngum niður á hæfniprep og að þrep áfanga ræður mestu um hvort áfangi telst á neðra stigi eða efra í vinnumati. Í skýrslu verkefnisstjórnar segir (bls.8) að með neðra stigi sé átt við áfanga á 1. -2. þrepi og með efra stigi sé átt við áfanga á 2. -3. þrepi. Nánari afmörkun kemur fram í tölvupósti verkefnisstjórnar til trúnaðarmanna og skólameistara hinn 28. ágúst sl. Þar segir: <i>Meginreglan er að áfangar skiptist á efra og neðra stig þar sem áfangar á 1. og 2. hæfniprepi tilheyra neðra stigi, en áfangar á 3. hæfniprepi efra stigi. Áfangar á 2. hæfniprepi geta þó talist á efra stigi samanber skýrslu verkefnisstjórnar og ef eðli og umfang verkefna í námsáfanganum, kröfur um stærri sjálfstæð verkefni, þyngdarstig og fleira gefa tilefni til.</i> Samkvæmt þessu virðist verkefnisstjórnin líta svo á að það ráðist af nánara mati á verkefnum og þyngdarstigi hvort 2. þreps áfangi tilheyri efra stigi í vinnumati. Því verður að ætla má að í hverjum skóla mótist einhver samræmd viðmið þvert á námsgreinar um skilyrði þess 2. þreps áfangi verði á efra stigi. Nefndin ráðleggur því		

skólanum að þrepasetja umrædda áfanga hafi það ekki þegar verið gert og beita síðan þeirri aðferð sem að ofan greinir.

F.h. vinnumatsnefndar raungreina og stærðfræði

Lárus H. Bjarnason

Dagsetning afgreiðslu

Form ráðgjafar

- Tölvupóstur
- Sími
- Heimsókn / Fundur
- Annað